


## Hóll (1)

Bær sá var spöl nokkurn, beint inn frá Siglufirði, nær yst í aðaldalnum, austan ár; heitir dalur sá að réttu *Siglufjarðardalur* (2) þó hér nefnist *Hólsdalur* [(2b)] og áin *Siglufjarðará* (3). Mun Hóll hafa á fyrri öldum verið hér mest bújörð og snemma byggður; hefur forn girðing, mjög stór, verið um tún og engi all mikil umhverfis það, sér leifar hennar út og upp frá túni, óglöggst suður frá túni, en best á neðsta melröðli við á niður, all langt frá túni, en engi eru þar góð innan og utan melanna og nær hvarvetna út frá túni, en svo rök að víðast eru mannvirki þessi horfin. Tún hefur allmikið verið á melhólum nokkrum og lönd dalsins hefir Hóll átt öll austan ár til sjávar, en Saurbær síðar fengið ysta hlut þeirra ásamt reka m.m. Hefir austur hluti dalsins verið við Hól kenndur og *Hólsfjall* (4) nefnist nú fjallið austan hans og *Hólsskarð* (5) lægðin innan þess austur frá dalbotni er haft eitt lítið skilur frá Ámárdal og vegslóðir eru yfir, sem getið er, til Héðinsfjarðar.



Hólsdalur


Neðsti hluti hins gamla túns er melrani mjög langur er sniðhalt gengur suður og upp og nefnist *Langhóll* (6) má ætla að bærinn hafi fyrst staðið utarlega á honum eru þar byggðarústir miklar og hægast að vatni, því út með honum að ofan fellur *Hólslækur* (7) voru þar síðast lambhús. Þar ofan

lækjar er annar hærrí melur er nefnist Bæjarhóll (8) stóð og bærinn lengi á suðurenda hans, en síðast á öðrum hólbala litlu ofar skamma stund, því um 192.. varð jörðin eign kaupstaðarins og byggð öll að eyðirústum. Hafði út frá bæ verið Tveggjadagavöllur (9) nefndur en Dagslátta (10) efri balinn þar bærinn síðast stóð. Beint upp frá bæjarstæðum þessum er og hólbali með byggðaleifum nokkrum, má vera að þar hafi verið hjábýlið Hólkot (11) sem Jarðabók 1712 segir gamla



Íþróttamiðstöðin á Hóli


eyðihjáleigu í heimatúni, síðast byggða upp um 1680 fá ár. Víðar hefði sú byggð getað verið því bæði á Langhól og hvarvetna um alla hávaða túnsins eru byggðaleifar frá ýmsum tímum nær óteljandi. Efsti jaðar túnsins er holtarani lágur, nefndist yst á honum: Kvíahóll (12) en syðst: Hesthúsgerði (13). Sunnan aðaltúnsins, niður frá enda Langhóls, er stakur hóll með gömlum tóftum, nefndur Hallberugerði (14) gæti þar og býlið Hólkot verið hafa, því helst virðist hin forna girðing hafa verið sunnan við hól þennan. Niður frá hinu gamla túni er melhóllaklasi allt niður að á, voru þeir hólur berir og óræktaðir þó innan væru girðingar, en engi tveim megin þeirra, nefnast þeir Finnhólar (15)



Hólsdalur í snjó



vestur frá þeim á ánni *Finnhólavað* (16) en suður frá þeim *Finnhólaeyrar* (17). Gengur forn lækjar-  
eða kvíslarfarvegur út gegnum þær og nefnist vestan hans: *Ragnheiðarhólmi* (18) er nú séreign, en  
fylgdi að síðustu Skarðdalskoti mun áin þó ekki hafa þar fallið síðan byggð hófst. Nokkrar þjóðsagnir  
eru við Finnhóla og Álfhól tengdar en virðast, eins og aðrar slíkar hér, næsta ómerkar.



Útsýni af Snók


Efst á Finnhólum hefir nú reist verið kúabú Siglufjarðarkaupstaðar og nokkuð ræktað af þeim og  
engjunum utan þeirra og innan. Efst út frá Finnhólum er stakt holt nefnt *Haflíðaholt* (19) ofanvið  
það fellur Hólslækur og allt út í Saurbæjarkvíll og Langasíki nefnist út frá Haflíðaholti *Kílsverk* (20).  
Út og upp frá túni er stór melhóll með hjalltóftum nefndur *Hjallhóll* (21) sunnan á honum er hinn  
forni garður en hverfur út og niður frá honum í engið og einnig skammt suður og upp frá honum í  
votlent engi ofan túnsins, nefnast hallar grösugir þar upp af *Enni* (22) en út frá þeim *Svarðarholt*  
(23). Skammt suður frá túni er lækjarsytra *Svartkollulækur* (24) og þar upp í hallanum *Fenhóll* (25)  
getur þó vart hóll talist. Nokkurn spöl sunnar er *Stekkjarlækur* (26) utan og ofan við hann er  
urðarholtaklasi nefndur *Hraun* (27) en sunnan lækjar niður á árbakka *Hólsrétt* (28) er hún yngst  
aflagðra skilarétta Siglufirðinga sem margar voru hér á dalnum einkum vestan ár, var hún notuð til  
192.. [1908] þar nefnist og á ánni *Réttarvað* (29). Litlu ofar, utan lækjar virðist og mjög forn  
réttarrúst vera á hól litlum og önnur litlu utar, dílkalaus mjög forn.

Suður frá Stekkjarlæk er undirlendi hærra, ásar og melhæðir nokkrar, nefndir *Stekkjarhólar* (30)

utarlega á þeim var hjábýli reist um 1680 í stekkjarsæði og þá nefnt Hólsstekkur, en síðar *Sólheimar* (31) fá ár stóð það þá, en máske eitthvað á fyrri hlut 18. aldar þó ei sé kunnugt. Suður og upp frá hólunum eru engjar góðar að hlíðarrótum og tún þar gróin með djújavætum mörgum nefnist það land *Grænur* (32). Nokkuð innar, nær efst í Hólsfjalli er dæl all mikil nefnd *Stóraskál* (33) en sunnan hennar *Hádegishnjúkur* (34). Yst úr skálinni fellur *Stórlækur* (35) en syðst úr henni annar lækur ónefndur; er alllangt milli þeirra. Hvarvetna er hér grösugt neðan hinnar bröttu hlíðar og engjar miklar, nefnist undirlendið milli Stekkjarlækjar og Stóralækjar *Stekkjarsstykki* (36) en milli syðri lækjanna: *Stóralækjarsykki* (37) sunnarlega í því er *Hólssel* (38) eru þar seltóftir, hússtæði o.fl. því engjar eru þar umhverfis og nefnast: *Selgrænur* (39). Upp frá selinu er melrani nefndur *Selhryggur* (40) og nokkuð sunnar melhryggur milli gilja nefndur *Reyniviðarhryggur* (41) þar skammt innar er hóll einn mikill nefndur *Stórhóll* (42) og litlu innar í ánni *Gálgafoss* (43) ekki er orsök hér kunn til þess nafns, á það þó líklega sögu nokkra.

Nokkuð innar fellur lækur ofan í dalbotninn, úr austurhlíð, nefndur: *Þverá* (44). Lækkar þar fjallið er inn dregur til Hólsskarðs og nefnast þar brúnir nokkrar, sem miðhlíðis: *Þverárbrúnir* (45). Er þar hinn fyrr nefndi Prestshnjúkur austur frá þeim en út frá Hólsskarði. Innst í botni dalsins er berg það er *Draugaklettur* (46) nefnist, er hann endamark Hólslanda en við tekur afrétt Siglfirðinga að innan og einnig vestan ár, lokast þar og dalurinn af hárrí og flugbrattri fjallshlíð.

( Ritað með blýanti: *Hólsskarðshæð* (47) )



Suðurhluti Hólsdals



## Stafrófsröð örnefna Hóll

- B -	Hesthúsgerði 13	- S -
Bæjarhóll 8	Hjallhóll 21	Selgrænur 39
- D -	Hólkot 11	Selhryggur 40
Dagsláttá 10	Hóll 1	Siglufjarðará 3
Draugaklettur 46	Hólsdalur 2b	Siglufjarðardalur 2
- E -	Hólsfjall 4	Sólheimar 31
Enni 22	Hólslækur 7	Stekkjjarhólar 30
- F -	Hólsrétt 28	Stekkjjarhólastykki 36
Fenhóll 25	Hólssel 38	Stekkjjarlækur 26
Finnhólaeyrar 17	Hólsskarð 5	Stóralækjarstykki 37
Finnhólar 15	Hólsskarðshæð 47	Stóraskál 33
Finnhólavað 16	Hraun 27	Stórhóll 42
- G -	- K -	Stórilækur 35
Gálgafoss 43	Kílskverk 20	Svarðarholt 23
Grænur 32	Kvíahóll 12	Svartkollulækur 24
- H -	- L -	- T -
Hafliðaholt 19	Langhóll 6	Tveggjadagavöllur 9
Hallberugerði 14	- R -	- Þ -
Hádegishnjúkur 34	Ragnheiðarhólmi 18	Þverá 44
	Reyniviðarhryggur 41	Þverárbrúnir 45
	Réttarvað 29	



Hólsá í klakaböndum - Álfhóll til hægri